

## Málefni fatlaðra

### Erindisbréf vinnuhóps um samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi um málefni fatlaðra

#### 1.gr.

Stjórn SSV skipar þrjá fulltrúa í vinnuhóp um samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi um málefni fatlaðra. Félagsþjónustusvæðin á Vesturlandi tilnefna einn fulltrúa hvert. Hópurinn tekur til starfa í maí 2016 og er áætlað að hann ljúki störfum í september 2016. Tilgangurinn með vinnu hópsins er að móta tillögu um samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi um málefni fatlaðra, en eldri samningur um samstarfið rann út í árslok 2014.

#### 2.gr.

Skipa skal í hópinn samkvæmt tilnefningum frá eftirfarandi aðilum.

- Einn fulltrúi tilnefndur af félagsþjónustusvæði Akraness og Hvalfjarðarsveitar
- Einn fulltrúi tilnefndur af félagsþjónustusvæði Borgarbyggðar, Skorradalshrepps og Dalabyggðar
- Einn fulltrúi tilnefndur af félagsþjónustusvæði Snæfellsness.
- Formaður hópsins er skipaður af stjórn SSV.

#### 3.gr.

Hlutverk starfshópsins er:

- að vinna tillögu að samstarfi sveitarfélaga á Vesturlandi um málefni fatlaðra

#### 4.gr.

Starfsmenn SSV vinna með hópnum eftir þörfum. Starfsmenn SSV sjá um að færa fundargerð í tölvu og undirbúa fundi í samráði við formann vinnuhópsins. Hópurinn getur kallað til sín gesti á fundi ef þurfa þykir.

#### 5.gr.

Vinnuhópurinn fær greitt samkvæmt nefndataxta SSV. Hafa skal sem viðmið að hópurinn fundi allt að sex sinnum á starfstímanum. Áætlað er að hópurinn ljúki vinnu sinni í september 2016.

Borgarnesi 18.05 2016